

Bæjarstjórn Akraness
b.t. Sævars Þór Þráinsson bæjarstjóra
Stíllholti 16-18
300 Akranes,

Efni: Áskorun til bæjarstjórar

Akraneskaupstaður 

Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
14.0	GSD	10. APR. 2017
Abm.	Úrv. aðili	Málsnr. One
SFP	SFP	1704074

Arfleifð gullaldarliðsins

Eftir að síðustu liðsmenn Íslandsmeistaraliðs ÍA frá 1951 hurfu á braut á dögnum er ekki úr vegi að velta fyrir sér hvaða áhrif þeir félagar höfðu á mannlíf á Akranesi og raunar mun víðar. Eins og flestir vita varð liðið það fyrsta utan höfuðborgarinnar sem hampaði þessum eftirsóttta titli og margir slíkir titlar fylgdu í kjölfarið. Því voru þeir félagar með réttu nefndir gullaldarlið ÍA.

Árangur Ríkharðs og félaga lyfti Grettistaki í mannlífi á Skaganum. Ekkert félag hefur að mínu mati gert meira fyrir félagslíf og uppbyggingu íþróttamannvirkja en einmitt ÍA og síðar Knattspyrnufélag ÍA. Nægir þar að nefna uppbyggingu á Jaðarsbökkum um áratugaskeið og byggingu íþróttahússins á Vesturgötu. En Gullaldarlið ÍA markaði ekki aðeins djúp spor á Akranesi. Það sannaði fyrir íbúum landsbyggðarinnar að samstaða í smærri samfélögum getur skapað stóra sigra. Æ síðan á ÍA og Akranes stóran sess í hugum landsmanna. Á þessum tímamótum er því ekki úr vegi að bæjarstjórn Akraness og Íþróttabandalag Akraness gangist fyrir málþingi um þau áhrif sem knattspyrnan á Akranesi og þá sérstaklega gullaldarlið ÍA hefur haft á Akranesi og þau miklu afrek sem Ríkharður Jónsson og kappar hans unnu í gegnum árin fyrir Akranes og þjóð sína.

Þessari hugmynd er hér með komið á framfæri með von um að hún verði að veruleika.

Með bestu kveðju,

Gunnar Sigurðsson

